

**Farþegaflutningar í  
atvinnuskyni (D1 og D)**

**Vöruflytningar í  
atvinnuskyni (C1 og C)**

# NÁMSKRÁ

fyrir  
**endurmenntun bílstjóra**  
með réttindi til að stjórna bifreið  
í C1-, C-, D1- og D-flokki í atvinnuskyni





# **Námskrá**

**fyrir**  
**endurmenntun bílstjóra**  
**með réttindi til að stjórna bifreið**  
**í C1-, C-, D1- og D-flokki**  
**í atvinnuskyni**

Júlí 2015

## AUGLÝSING

### **um námskrá fyrir endurmenntun bílstjóra með réttindi til að stjórna bifreið í C1-, C-, D1- og D-flokki í atvinnuskyni.**

Samkvæmt 3. mgr. 14. gr. reglugerðar nr. 830/2011 um ökuskírteini hefur ráðherra staðfest meðfylgjandi námskrá fyrir endurmenntun bílstjóra með réttindi til að stjórna bifreið í C1- og C-flokki sem ná til vöruflutninga í atvinnuskyni og réttindi til að stjórna bifreið í D1- og D-flokki sem ná til farþegaflutninga í atvinnuskyni.

*Innanríkisráðuneytinu, 25. júní 2015.*

**Ólöf Nordal.**

---

*Ragnhildur Hjaltadóttir.*

## Efnisyfirlit

<b>1.</b>	<b>SKIPULAG ENDURMENNTUNAR</b>	<b>3</b>
1.1	INNGANGUR	3
1.2	MARKMIÐ	3
1.3	TILHÖGUN ENDURMENNTUNAR	3
1.4	HLUTVERK OG SKYLDUR NÁMSKEIÐSHALDARA	4
1.4.1	<i>Kennsluáætlun</i>	4
1.4.2	<i>Kennsluaðferðir</i>	5
1.4.3	<i>Upplýsingagjöf námskeiðshaldara</i>	5
1.4.4	<i>Gæðastjórnun</i>	5
<b>2.</b>	<b>KJARNI</b>	<b>6</b>
2.1	VISTAKSTUR – ÖRYGGI Í AKSTRI	6
2.1.1	<i>Markmið</i>	6
2.1.2	<i>Efnispættir</i>	6
2.1.3	<i>Kennslutilhögun</i>	6
2.1.4	<i>Efnistöð</i>	7
2.2	LÖG OG REGLUR	7
2.2.1	<i>Markmið</i>	7
2.2.2	<i>Efnispættir</i>	7
2.2.3	<i>Kennslutilhögun</i>	8
2.2.4	<i>Efnistöð</i>	8
2.3	UMFERÐARÖRYGGI – BÍLTÆKNI	8
2.3.1	<i>Markmið</i>	8
2.3.2	<i>Efnispættir</i>	8
2.3.3	<i>Kennslutilhögun</i>	9
2.3.4	<i>Efnistöð</i>	9
<b>3.</b>	<b>VALKJARNI</b>	<b>10</b>
3.1	FARÞEGAFLUTNINGAR	10
3.1.1	<i>Markmið</i>	10
3.1.2	<i>Efnispættir</i>	10
3.1.3	<i>Kennslutilhögun</i>	11
3.1.4	<i>Efnistöð</i>	11
3.2	VÖRUFLUTNINGAR	11
3.2.1	<i>Markmið</i>	11
3.2.2	<i>Efnispættir</i>	11
3.2.3	<i>Kennslutilhögun</i>	12
3.2.4	<i>Efnistöð</i>	12
<b>4.</b>	<b>VAL</b>	<b>13</b>
4.1	FAGMENNSKA OG MANNLEGI ÞÁTTURINN	13
4.1.1	<i>Markmið</i>	13
4.1.2	<i>Efnispættir</i>	13
4.1.3	<i>Kennslutilhögun</i>	14
4.1.4	<i>Efnistöð</i>	14
4.2	DÆMI UM VALNÁMSKEIÐ	14



# 1. SKIPULAG ENDURMENNTUNAR

## 1.1 Inngangur

Bílstjóri sem ekur stórrí bifreið í ökuréttindaflokki D1 og D, farþegaflutningar í atvinnuskyni og í flokki C1 og C, vöruflutningar í atvinnuskyni skal sækja 35 kennslustunda endurmenntun á 5 ára fresti.

Hafi bílstjóri með réttindi til að stjórna bifreið í C1-, C-, D1- og D-flokki í atvinnuskyni ekki endurnýjað réttindi sín (ekki sótt endurmenntun) verður hann að sækja áskilda endurmenntun áður en hann fær þau endurnýjuð.

Samgöngustofa setur námskrá fyrir þessa endurmenntun sem innanríkisráðherra staðfestir.

Endurmenntunin skal vera í samræmi við ákvæði í reglugerð nr. 830/2011 um ökuskírteini.

Endurmenntun skal fara fram hjá viðurkenndum námskeiðshaldara, þ.e. í ökuskóla sem hefur starfsleyfi Samgöngustofu fyrir C-, D- og E-flokka, sbr. reglugerð nr. 830/2011 um ökuskírteini eða hjá öðrum aðila með sérstöku leyfi Samgöngustofu. Þegar námskeiðshaldari er annar en ökuskóli gilda reglur um ökukennslu og starfsemi ökuskóla um hann eftir því sem við á. Leggja skal fram kennsluskra vegna endurmenntunar til viðurkenningar hjá Samgöngustofu.

## 1.2 Markmið

Endurmenntun bílstjóra með réttindi til að stjórna bifreið í C1-, C-, D1- og D-flokki í atvinnuskyni skal hafa það að markmiði að hann:

- Hafi menntun og hæfi sem krafist er
- Búi við aukið öryggi í starfi sem og að öryggi almennt á vegum aukist
- Sé meðvitaður um öryggisreglur sem fylgja skal við akstur sem og þegar ökutækið er kyrrstætt
- Bæti varnarakstur sinn, þ.e. sjái fyrir hættu og taki tillit til annarra vegfarenda. Þetta helst í hendur við minni eldsneytiseyðslu og mengun sem á að hafa jákvæð áhrif á flutninga á vegum og samfélagið í heild
- Rifji upp, endurnýi og bæti við þekkingu sem nauðsynleg er í starfi.

Þessum markmiðum skal ná með því að bílstjóri með réttindi til að stjórna bifreið í C1-, C-, D1- og D-flokki í atvinnuskyni sækji skipulögð námskeið samkvæmt námskrá þessari. Námskeiðin skulu vera fræðileg og verkleg eftir því sem við á.

## 1.3 Tilhögun endurmenntunar

Endurmenntun fer fram á 35 kennslustunda námskeiði í samræmi við námskrá þessa og kennsluáætlun námskeiðshaldara.

Endurmenntun skiptist í þrjá hluta:

- **Kjarni:** 21 kennslustund. Vistakstur – öryggi í akstri, lög og reglur og umferðaröryggi – bíltækni. Allir verða að taka kjarna.
- **Valkjarni:** 7/14 kennslustundir. Farþega- og vöruflutningar. Bílstjóri sem er bæði með réttindi til farþega- og vöruflutninga í atvinnuskyni hefur val um hvorn hluta valkjarnans hann tekur en hann má líka taka báða. Bílstjóri sem eingöngu er með réttindi til farþegaflutninga í atvinnuskyni verður að taka farþegaflutningahlutann og bílstjóri sem eingöngu er með réttindi til vöruflutninga verður að taka vöruflutningahlutann.
- **Val:** 7/0 kennslustundir. Í vali getur bílstjóri sótt sérhæft námskeið sem varðar starf hans og fellur efnislega undir námskrá

Samgöngustofu fyrir flokka aukinna ökuréttinda frá janúar 2005. Sérhæft námskeið í vali skal viðurkennt af Samgöngustofu.

Ökuskóli sem býður upp á endurmenntun samkvæmt námskrá þessari skal bjóða fullt endurmenntunarnámskeið, þ.e. kjarna, valkjarna og val. Annar námskeiðshaldari getur hvort heldur sem er sótt um viðurkenningu fyrir fullt endurmenntunarnámskeið, eða einn til tvo þeirra hluta sem áður hafa verið skilgreindir, kjarna, valkjarna og val.

Skipta má námi á aðskilda daga, á hverjum degi skal kenna 7 kennslustundir. Þegar sérstaklega stendur á má skipta 7 kennslustundum á tvo samliggjandi daga innan 24 klukkustunda. Hver kennslustund skal vera 45 mínútur og hæfilegt hlé skal vera á milli kennslustunda. Skipta má kennsludögum niður á fleiri ár (innan 5 áraanna).

Heimilt er að fjölga kennslustundum umfram lágmarks kennslustundafjölda og skal þá bílstjóra gerð grein fyrir því að kennslustundafjöldi þess námskeiðs sé meiri en námskrá gerir ráð fyrir.

Kennslan skiptist í bóklega og verklega kennslu.

- Bóklega kennslu má skipuleggja sem
  - hópkennslu í kennslustofu
  - kennslu með fjarkennslu- eða fjarfundabúnaði („distance learning“). Nemendur og kennarar aðskildir landfræðilega séð en ekki í tíma
  - kennslu með vefkennslukerfi („online learning“). Nemendur og kennarar aðskildir landfræðilega og í tíma.

Heimilt er námskeiðshaldara að bjóða upp á bóklegan hluta endurmenntunar sem hópkennslu í kennslustofu, kennslu með fjarkennslubúnaði, kennslu með vefkennslukerfi eða sem blöndu af þessu að því gefnu að hann uppfylli allar þær kröfur sem í námskránni koma fram.

## 1.4 Hlutverk og skyldur námskeiðshaldara

Endurmenntun skal fara fram á vegum viðurkennds námskeiðshaldara, sbr. 1.1. Námskeiðshaldari skal starfa í samræmi við gildandi reglur, sem og fyrirmæli Samgöngustofu.

Sækja skal sérstaklega um viðurkenningu frá Samgöngustofu á sérhæfðu valnámskeiði. Með umsókn skal fylgja kennsluáætlun, sbr. 1.4.1. Eingöngu er hægt að viðurkenna valnámskeið sem tengist starfi bílstjóra með réttindi til að stjórna bifreið í C1-, C-, D1- og D-flokki í atvinnuskyni og efnislega fellur undir námskrá fyrir flokka D1, D, C1, C eða eftirvagnaréttindi þessara flokka. Lögboðin námskeið til öflunar eða endurnýjunar starfsréttinda, t.d. námskeið til ADR-réttinda er ekki hægt að telja til valnámskeiða samkvæmt þessari námskrá.

Áður en starfsleyfi til að annast endurmenntun er veitt skal námskeiðshaldari leggja fram kennsluskrá (skólanámskrá) sem felur í sér útfærslu hans á námskrá fyrir endurmenntun bílstjóra með réttindi til að stjórna bifreið í C1-, C-, D1- og D-flokki í atvinnuskyni og gildir starfsleyfið um þá kennsluskrá.

Í kennsluskrá námskeiðshaldara skulu færðar inn kennsluáætlanir endurmenntunarnámskeiða.

### 1.4.1 Kennsluáætlun

Til að tryggja markvissa kennslu skal námskeiðshaldari sjá til þess að kennsla fari fram í samræmi við samþykka kennsluskrá.

Í kennsluáætlun skulu eftirfarandi upplýsingar koma fram:

- Heiti námskeiðs
- Markhópur námskeiðs, lágmarkskröfur til þátttakenda
- Fjöldi þátttakenda



- Markmið
- Lengd námskeiðs, í sundurliðun komi fram markmið og umfang einstakra þátta
- Kennsluaðferðir
- Upplýsingar um kennara
- Kennsluhúsnæði, búnaður og aðstaða til fjarkennslu og fjarkennslukerfi eftir því sem við á
- Kennslugögn, lesefni, verkefni o.p.h.
- Búnaður til bóklegrar og verklegrar kennslu eftir því sem við á
- Ökutæki eftir því sem við á.

Námskeiðshaldari skal sjá til þess að kennsluáætlun sé ætíð aðgengileg.

Kennsluáætlun skal reglulega endurskoða og endurnýja með hliðsjón af breyttum áherslum sem búast má við með þróun kennslunnar og reynslu sem fæst af henni, tæknilegum framförum og breytingum sem kunna að verða á lögum og reglugerðum.

Nýjum eða endurskoðuðum kennsluáætlunum skal skila til Samgöngustofu án þess að kalla þurfi sérstaklega eftir þeim.

#### 1.4.2 Kennsluaðferðir

Bílstjórinn skal taka virkan þátt í námskeiðinu. Námskeiðið skal taka mið af starfsumhverfi hans og hafa hagnýt viðmið eftir því sem unnt er.

Nauðsynlegt er að á námskeiðinu skapist gagnkvæm og jákvæð tengsl á milli kennara og bílstjóra. Grundvöllur þess að jákvæð tengsl skapist er að gagnkvæmt samkomulag og skilningur ríki á milli kennara og bílstjóra um námskeiðið:

##### Af hverju

erum við saman hér? Markmið kennara ↔ Markmið bílstjóra

##### Hvað

eigum við að gera saman? Viðfangsefni kennslunnar ↔ Viðfangsefni samþykkt af bílstjóra

##### Hvernig

eigum við að vinna saman? Kennsluaðferð kennara ↔ Kennsluaðferð samþykkt af bílstjóra

Kennarinn velur þá kennsluaðferð sem hann telur best henta. Æskilegt er að virkja alla bílstjóra eftir fremsta megni. Mjög mikilvægt er að taka mið af reynslu allra bílstjóra og að hver og einn þátttakandi fái til að líta í eigin barm, fræðist og fái tækifæri til að endurskoða starfshætti sína, sem og viðhorf sín til aksturs og öryggis.

#### 1.4.3 Upplýsingagjöf námskeiðshaldara

Stundaskrá fyrir einstök námskeið skal skilað til Samgöngustofu eigi síðar en viku áður en námskeið hefst.

Námskeiðshaldari skal staðfesta með vottorði til bílstjóra þátttöku hans á námskeiði. Vottorðið skal gert eftir fyrir mælum Samgöngustofu. Í upphafi og lok námskeiðs skulu Samgöngustofu sendar með rafrænum hætti upplýsingar um námskeiðið og þátttakendur.

#### 1.4.4 Gæðastjórnun

Skóli skal vinna samkvæmt skýrum og skráðum ferlilýsingum og vera með innra gæðaeftirlit. Einn þáttur í innra gæðaeftirliti skóla er að leggja fyrir kennslumat í lok námskeiðs þar sem bílstjórum gefst kostur á að tjá sig um hin ýmsu atriði þess.

## 2. KJARNI

Í kjarna er alls 21 kennslustund:

- Vistakstur – öryggi í akstri, 7 kennslustundir
- Lög og reglur, 7 kennslustundir
- Umferðaröryggi – bíltækni, 7 kennslustundir.

### 2.1 Vistakstur – öryggi í akstri

#### 2.1.1 Markmið

Bílstjórinn þekki hugmyndafræði vistaksturs og með hvaða hætti hann getur lágmarkað eldsneytiseyðslu og umhverfismengun og hámarkað öryggi sitt og annarra í umferðinni með réttu aksturslagi.

Að því er stefnt að bílstjórinn:

- ✓ skilji mikilvægi mengunarvarna og umhverfisverndar
- ✓ þekki virkni vélarinnar og þau efni sem valda hvað mestum skaða í umhverfinu
- ✓ aki með vistvænum hætti þannig að hann geti lágmarkað eldsneytiseyðslu, t.d. með skynsamlegri notkun vélarafis og hemla
- ✓ aki af öryggi og framsýni og geti greint vísbendingar um hættur í umferðinni.

#### 2.1.2 Efnisþættir

##### Vistfræði

- Mengun
- Aflvélar og eldsneyti
- Orkusparnaður
- Umhverfisvernd
- Vistvænn akstur.

##### Eiginleikar aflyfjafærslukerfis

- Ferlar yfir snúningsvægi
- Afl og rauneldsneytisnotkun hreyfils
- Svæði á snúningsmæli sem sýnir hámarksnýtingu
- Gírhlutföll og eyðslukúrfur.

##### Öryggiseftirlit – notkun hemla og gíra

- Slit og viðnám bifreiðar
- Eiginleikar vökvahemla með hjálparátaki
- Notkun hemla og hamlara
- Nýting hraða- og gírhlutfalls
- Notkun á tregðu ökutækis
- Hemlunartækni á leið niður brekkur og viðbrögð ef bilun verður.

##### Umferðarslys og fyrirbyggjandi aðgerðir

- Framsýni
- Orsakir umferðarslysa
- Fyrirbyggjandi aðgerðir.

##### Akstur – verkleg æfing (valkvæð)

- Hefðbundinn akstur
- Akstur undir merkjum orkusparnaðar
- Athugun á árangri.

#### 2.1.3 Kennslutilhögun

Námskeiðið samanstendur af sjö bóklegum kennslustundum eða sex bóklegum kennslustundum og einni verklegri í vistakstri eftir því sem við á.

### 2.1.4 Efnistöð

Slys og neikvæð umhverfisáhrif eru á meðal helstu vandamála í umferðinni. Vistakstur hefur marga kosti, s.s. orku- og peningasparnað, minni mengun og aukið umferðaröryggi, auk þess sem komið hefur í ljós að hann sparar oft en ekki tíma. Vistakstur snýst um að bílstjóri sýni framsýni í akstri og verði meðvitaðri um aksturslag sitt, dragi úr eldsneytiseyðslu og um leið úr losun mengandi efna í útblæstri. Samhliða breyttum hugsunarhætti bílstjóra eykst umferðaröryggið. Sérhver bílstjóri getur tileinkað sér hagkvæmari og umhverfisvænni akstur.

Sýna skal bílstjóranum og ræða hversu mikinn sparnað í eldsneytisnotkun og lækkun í öðrum rekstrarkostnaði hann getur náð með breyttu aksturslagi og tengja við aukið öryggi í akstri. Æskilegt er að vera með eina verklega kennslustund þar sem er notuð bifreið með þar til gerðum búnaði sem mælir eldsneytiseyðslu o.fl.

## 2.2 Lög og reglur

### 2.2.1 Markmið

Bílstjórinn þekki helstu atriði í lögum og reglum um vöru- og farþegaflutninga og um stór ökutæki sem atvinnutæki og geri sér grein fyrir ábyrgð bílstjóra á ástandi og notkun ökutækis á hverjum tíma.

Að því er stefnt að bílstjórinn:

- ✓ þekki reglur um aksturs- og hvíldartíma ökumanna, notkun ökurita, eftirlit og um hraðatakmarkara
- ✓ þekki helstu þætti sem tengjast leyfisveitingum og skipulagi farþega- og vöruflutninga og helstu stofnunum sem koma þar að
- ✓ sýni ábyrgð og þekki viðurlög við umferðarlagabrotum.

### 2.2.2 Efnisþættir

#### Aksturs- og hvíldartími ökumanna

- Tilgangur reglna um lögbundinn hvíldartíma
- Meginreglur um akstur og hvíld
- Ökuritar og notkun þeirra
- Eftirlit Samgöngustofu
- Viðurlög við brotum.

#### Flutningar á vegum

- Lög og reglur um farþega- og vöruflutninga á vegum
- Flutningar á vegum í tengslum við aðra flutningsmáta (samkeppni á markaði, dreifingaraðilar)
- Annars konar flutningastarfsemi á vegum (flutningur gegn gjaldi, án gjaldtöku, starfsemi í tengslum við flutninga)
- Skipulag helstu tegunda flutningsfyrirtækja og starfsemi í tengslum við flutninga
- Flutningsrekstrarleyfi
- Breytingar sem eiga sér stað innan atvinnugreinarinnar, fjölbreytni í veittri þjónustu
- Sambland og skipulag flutninga með mismunandi farartækjum, flutningar á landi, á sjó og í lofti
- Flutningsaðili, verktakar, undirverktakar og aðrir sem kunna að koma að flutningi.

#### Stofnanir umferðarmála

- Stefnumörkun í umferðarmálum – skipulagsmál
- Ráðuneyti
- Ýmsar opinberar stofnanir, félög og samtök
- Gjaldtaka af umferð
- Atvinnuréttindi.

### Ábyrgð og skyldur bílstjóra og flutningsaðila

- Umferðarlög og reglur
- Vinnureglur og viðhorf sem tengjast eftirliti
- Mansal og smygl
- Viðurlög við umferðarlagabrotum.

#### 2.2.3 Kennslutilhögun

Námskeiðið samanstendur af sjö bóklegum kennslustundum.

#### 2.2.4 Efnistöð

Fara skal í helstu atriði laga og reglugerða sem lúta beint eða óbeint að atvinnumennsku bílstjórans. Þar má helst telja reglur um aksturs- og hvíldartíma ökumanna, notkun ökurita, notkun öryggis- og verndarbúnaðar og eftirlit Samgöngustofu með stórum ökutækjum. Einnig er farið í helstu atriði í lögum um fólksflutninga, vöruflutninga og efnisflutninga á landi og umferðarlög eftir því sem við á.

Þar sem atvinnuréttindi bílstjórans gilda innan Evrópska efnahagssvæðisins (EES) þarf einnig að fara nokkuð í reglur og ferli sem tengjast flutningum á milli landa.

## 2.3 Umferðaröryggi – bíltækni

#### 2.3.1 Markmið

Bílstjórinn þekki vegakerfið og helstu hættur sem eru til staðar eða geta skapast í tengslum við ytri aðstæður, s.s. við mismunandi veðurskilyrði. Einnig að hann þekki helstu tegundir og orsakir umferðar- og vinnuslysa og þekki aðferðir við slysavarnir.

Að því er stefnt að bílstjórinn:

- ✓ þekki helstu tegundir umferðar- og vinnuslysa í flutningsgeiranum og hvernig draga megi úr hættu á slysum
- ✓ þekki vegakerfi landsins og helstu hættur sem leynst geta við sérstakar aðstæður
- ✓ þekki öryggisbúnað bifreiða, bæði í ökumanns- og farþegarými sem og bíltæknilegan búnað sem dregið getur úr slyshættu
- ✓ kunni að bregðast við slysum með það fyrir augum að draga úr neikvæðum afleiðingum þeirra
- ✓ kunni að stjórna á vettvangi slyss og vinna með viðbragðsaðilum
- ✓ þekki helstu aðferðir við slysavarnir.

#### 2.3.2 Efnisþættir

##### Umferðarslys – vinnuslys

- Helstu tegundir umferðarslysa og vinnuslysa
- Meiðsli á einstaklingum og munatjón
- Orsakir slysa - mannleg mistök
- Núllsýn í umferðinni
- Persónuhlífar - persónuvernd
- Forvarnir – áróður
- Fjögur skref skyndihjálpar.

##### Umferðaraðstæður – veðurfar

- Vegakerfið – umferðarmannvirki
- Öryggi vega – EuroRAP
- Öryggi jarðganga – EuroTAP
- Óbrúaðar ár
- Veðurfræði – spár
- Hálsa og vindhviður.

### Öryggi bifreiða – aukin tækni

- Öryggisbúnaður bifreiða
- Akstursöryggi
- Árekstraröryggi – EuroNCAP
- Ný tækni og öryggi í akstri.

### Björgun og flutningar

- Viðbragðsaðilar, skipulag og boðleiðir
- Stjórn á vettvangi
- Skipulag björgunar, t.d. þyrlumóttaka
- Hætta af völdum rafmagns eða eiturefna
- Rýmingaraðgerðir.

### Slysavarnir

- Eldvarnir
- Sjúkrakassi
- Notkun öryggis- og verndarbúnaðar
- Frágangur á farmi
- Lausir hlutir
- Skýrsla um slys.

### 2.3.3 Kennslutilhögun

Námskeiðið samanstendur af sjö bóklegum kennslustundum með verklegu ívafi.

### 2.3.4 Efnistöð

Í kennslunni skal efla metnað bílstjóra til að vinna að auknu umferðaröryggi, bæði hans sjálfs og annarra vegfarenda. Þetta skal gert m.a. með því að veita honum innsýn í helstu tegundir vinnuslysa og umferðarslysa. Bílstjóri þarf að halda við þekkingu sinni í skyndihjálpi og vera viðbúinn því að bregðast við meiðslum og sjúkdómum sem upp geta komið hjá farþegum sem öðrum vegfarendum. Í þessum námsþætti er þó ekki ríft upp skyndihjálpi, miklu frekar er fjallað um viðbrögð við slysum og slysavarnir í tengslum við flutninga á vegum.

Fara skal yfir helstu þætti sem auka öryggi í umferðinni, bæði er varða umhverfi og bíltækni. Kynna skal hugmyndafræði svokallaðrar „núllsýnar“ í umferðaröryggisstarfi.

Mikilvægt er að fara í það hvaða aðstæður (t.d. veðurfarslegar) auka hættu í umferðinni og hvernig bílstjóri geti brugðist við, t.d. við undirbúning aksturs. Bílstjóri með réttindi til að stjórna bifreið í C1-, C-, D1- og D-flokki í atvinnuskyni er yfirleitt meira í umferðinni en hinn almenni ökumaður og má því ætla að hann komi oftast á vettvangi umferðarslyss. Aðrir vegfarendur ætlast að auki oft til þess að þeir taki að sér stjórn aðgerða á vettvangi slyss. Enn fremur má gera ráð fyrir að bílstjóri sem starfar við farþegaflutninga í atvinnuskyni geti verið fjarri byggð með farþega þegar slys verður. Mikilvægt er að hann þekki skipulag, boðleiðir og störf björgunar- og viðbragðsaðila og geti undirbúið aðkomu þeirra á vettvangi.

### 3. VALKJARNI

Í valkjarna eru:

- Farþegaflutningar, 7 kennslustundir og/eða
- Vöruflutningar, 7 kennslustundir

Bílstjóri sem bæði er með réttindi til farþega- og vöruflutninga í atvinnuskyni getur tekið annað námskeiðið eða bæði. Bílstjóri sem eingöngu er með önnur réttindin tekur viðeigandi námskeið.

Bílstjóri sem eingöngu tekur annað námskeiðið er þannig með 7 kennslustundir í valkjarna og verður því að bæta við 7 kennslustundum í vali. Bílstjóri sem tekur bæði námskeiðin er með 14 kennslustundir í valkjarna og þarf því ekki að taka námskeið í vali.

#### 3.1 Farþegaflutningar

##### 3.1.1 Markmið

Bílstjórinn þekki atriði er lúta sérstaklega að akstri hópþifreiða, farþegaflutningum, ábyrgð bílstjóra á öryggi farþega og almennt að þjónustuhlutverki bílstjóra, náttúruvernd, ferðamennsku, mjúkum akstri o.fl. Hann þekki ákvæði í lögum og reglum um flutning farþega og sérbúnað hópþifreiða.

Að því er stefnt að bílstjórinn:

- ✓ aki mjúklega og af öryggi með vellíðan farþega í fyrirrúmi
- ✓ kunnir leiðir til að veita örugga og vandaða þjónustu og tileinki sér góða framkomu gagnvart farþegum og öðrum vegfarendum
- ✓ þekki sérkenni ólíkra hópa farþega og kunnir samskiptahætti sem stuðla að farsælli lausn ágreiningsmála
- ✓ þekki ákvæði í lögum og reglum um farþegaflutninga í atvinnuskyni, búnað hópþifreiða, nauðsynleg skjöl og leyfi, náttúruvernd og skyldur bílstjóra.

##### 3.1.2 Efnisþættir

###### Öryggi í farþegaflutningum

- Rétt mat á langsum og þversum hreyfingum ökutækisins
- Samnýting vegarins
- Staðsetning á veginum
- Mjúk hemlun
- Taka tillit til útskögunar
- Notkun sérstakra grunnvirkja (almenn svæði, sérstakar akreinar)
- Samræming á öruggum akstri og öðrum hlutverkum ökumanns, m.a. þjónustu við farþega
- Samskipti við farþega ásamt ýmsum sérstökum atriðum sem tengjast tilteknum hópum farþega (fötluðum, börnum)
- Öryggis- og verndarbúnaður í hópþifreið
- Ábyrgð ökumanns á notkun öryggisbúnaðar
- Slysavarnir og björgun
- Akstur við erfiðar aðstæður, m.a. yfir óbrúaðar ár.

###### Hleðslutækni

- Kraftar sem verka á ökutæki á hreyfingu
- Notkun gírhlutfalls, í samræmi við hleðslu ökutækis og ástand vegar
- Útreikningur á farmþunga ökutækis eða vagnalestar
- Dreifing þyngdar
- Afleiðingar sem of mikið álag á öxulinn hefur
- Stöðugleiki ökutækis og þyngdarpunktur.

### Farþegaflutningar í atvinnuskyni

- Tegundir farþegaflutninga
- Farþegaflutningar á vegum í tengslum við aðra flutninga farþega (með strætó, flugvél, ferju, einkabifreið)
- Mismunandi þjónusta í tengslum við farþegaflutninga á vegum
- Ferð yfir landamæri (millilandaflutningar)
- Aðilar sem stunda farþegaflutninga á vegum, skipulag, leyfi og gjaldtaka.

### Náttúruvernd og ferðamennska

- Náttúruvernd
- Friðlýst svæði
- Ferðaþjónusta.

### Akstur - verkleg æfing (valkvæð)

- Mjúkur akstur
- Sjálfsmat - akstursmat
- Öryggisbúnaður.

#### 3.1.3 Kennslutilhögun

Námskeiðið samanstendur af sjö bóklegum kennslustundum eða sex bóklegum kennslustundum og einni í akstri eftir því sem við á.

#### 3.1.4 Efnistöð

Leggja ber ríka áherslu á ábyrgðarhlutverk bílstjóra með réttindi til að stjórna bifreið í D1- og D-flokki í atvinnuskyni í farþegaflutningum. Enn fremur á þjónustupáttinn í starfi hans.

Fjalla skal um reglur um farþegaflutninga, s.s. leyfisveitingar. Mikilvægt er að bílstjórinn geri sér grein fyrir að öryggi og aðbúnaður farþega þurfi að vera í fyrirrúmi og að akstur þurfi að vera mjúkur.

## 3.2 Vöruflutningar

#### 3.2.1 Markmið

Bílstjóri gangi af öryggi frá og festi mismunandi tegundir farms. Bílstjóri þekki reglur um, notkun farm- og fylgiskjala sem krafist er í flutningum bæði innanlands sem og á milli landa.

Að því er stefnt að bílstjórinn:

- ✓ þekki þá krafa sem hafa áhrif á vörubifreið í akstri og hvernig farmur hefur áhrif á akstursegjinleika hennar
- ✓ kunni að lesta bifreið og vagnlest af öryggi, sérstaklega m.t.t. dreifingu farms og útreikninga þar að lútandi.
- ✓ þekki og kunni að nota helstu tegundir festibúnaðar fyrir mismunandi farm
- ✓ þekki ákvæði í lögum og reglum um vöruflutninga í atvinnuskyni, búnað vörubifreiða, nauðsynleg skjöl og leyfi, sem og skyldur bílstjóra.

#### 3.2.2 Efnisþættir

##### Kraftafræði

- Aksturslag
- Álag sem hefur áhrif á ökutæki á hreyfingu
- Notkun girhlutfalls í samræmi við farm ökutækis og ástand vegar
- Áhrif ofhleðslu á öxulinn
- Stöðugleiki ökutækis og staðsetning þyngdarpunkts.

##### Þyngd og stærð farms – útreikningar

- Farmþungi ökutækis eða vagnlestar
- Heildarrúmmál farms

- Dreifing farms.

#### **Gerðir umbúða og festibúnaður**

- Gerðir umbúða og vörubretta
- Helstu flokkar varnings sem þarf að festa örugglega
- Aðferðir við að tryggja og festa farm af öryggi
- Notkun öryggisóla
- Öryggisskoðun festibúnaðar
- Notkun búnaðar til að meðhöndla farm
- Notkun búnaðar til að setja á yfirbreiðslur og taka þær niður.

#### **Leyfi, samningar og farmskjöl**

- Vöruflutningar í atvinnuskyni, réttindi og leyfi
- Aðilar sem stunda vöruflutninga, skipulag, leyfi, gjaldtaka
- Mismunandi sérhæfing í flutningum (t.d. tankbifreið og stýrt hitastig)
- Samningar um vöruflutninga
- Að útbúa skjöl sem tilheyra flutningssamningi
- Farmskjöl og sérstök fylgiskjöl með vörum
- För yfir landamæri, t.d. tollafgreiðsla, farmbréf, skjöl og leyfi o.fl.

#### **3.2.3 Kennslutilhögun**

Námskeiðið samanstendur af sjö kennslustundum, þar af a.m.k. einni í kennsluaðstöðu með opnu og lokuðu farmrými, ásamt helsta festibúnaði og yfirbreiðslum.

#### **3.2.4 Efnistöð**

Ótrygg hleðsla er ein helsta orsök alvarlegra umferðarslysa á vörubifreiðum. Mikilvægt er að bílstjórinn kynnist helstu kröftum sem verka á ökutækið og farm þess í akstri. Í kjölfarið læri hann hvaða festingar tryggja farminn og hvers vegna. Því er verkleg kennsla snar þáttur á þessu námskeiði. Prófa skal festibúnað og yfirbreiðslur sem almennt eru í notkun. Fjalla skal sérstaklega um ábyrgð bílstjóra á því að farmur sé tryggilega festur og örugglega sé gengið frá efnum sem mengað geta umhverfið.

Einnig er bílstjóranum nauðsynlegt að þekkja og kunna að nota þau skjöl og leyfi sem krafist er við vöruflutninga.



## 4. VAL

Í vali eru alls 7 kennslustundir. Þar getur bílstjóri sótt sérhæft námskeið sem varðar starf hans og fellur efnislega undir námskrá Samgöngustofu fyrir flokka aukinna ökuréttinda frá janúar 2005. Dæmi um sérhæfð valnámskeið eru nefnd í 4.2. Bílstjóri sem velur ekki námskeið í samræmi við fyrsta málslið, skal sækja valnámskeið skv. 4.1.

### 4.1 Fagmennska og mannlegi þátturinn

#### 4.1.1 Markmið

Bílstjóri skilji að þekking og færni er undirstaða fagmennsku. Bílstjórinn þekki þætti í daglegu lífi og starfsumhverfi sem hafa áhrif á öryggi hans, heilsufar, andlega og líkamlega líðan. Hann þekki einkenni þreytu og streitu og viðbrögð þar við. Hann skilji ferli skynjunar, hegðun manna í umferðinni og mikilvægi sálrænna þátta í umferðar- og vinnuslysum.

Að því er stefnt að bílstjórinn:

- ✓ þekki meginreglur vinnuvistfræðinnar og hvernig draga megi úr andlegum og líkamlegum afleiðingum vinnuálags
- ✓ skilji samhengið milli umhverfis, ökutækis og mannlegra þátta með tilliti til umferðaröryggis
- ✓ skilji eðli skynjunar og mannleg viðbrögð við ýmsum aðstæðum
- ✓ geri sér grein fyrir þýðingu þess að veita góða þjónustu, hvort sem verið er að flytja vörur eða farþega
- ✓ þekki og tileinki sér þá þætti sem gera hann að fagmanni.

#### 4.1.2 Efnisþættir

##### Meginreglur vinnuvistfræðinnar

- Líkamsbeiting
- Hreyfivinna – stöðuvinna – langvarandi setur
- Vinnuumhverfi
- Streita.

##### Líkamlegir þættir

- Mataræði - lífsstíll
- Heilsa - þjálfun
- Hreyfingar og stöður sem skapa áhættu
- Veikindi
- Áhrif áfengis, lyfja eða annarra efna sem hafa áhrif á hegðun
- Svefn og þreyta
- Grundvallarþýðing skiptingar á milli vinnu- og hvíldartíma
- Samspil vinnu og einkalífs.

##### Sálrænir þættir

- Akstursferlið
- Skynjun - skynvillur
- Athygli - truflun
- Viðbragðstími og stöðvunarvegalengd
- Umferðarlestur
- Streita og tilfinningar
- Sálrænar orsakir umferðar- og vinnuslysa
- Mannleg mistök.

##### Fagmennska

- Þekking og færni
- Samskipti
- Jákvæð tjáskipti
- Þjónusta

- Ímynd bílstjóra með réttindi til að stjórna bifreið í C1-, C-, D1- og D-flokki í atvinnuskyni og ímynd fyrirtækis

#### 4.1.3 Kennslutilhögun

Námskeiðið samanstendur af sjö bóklegum kennslustundum.

#### 4.1.4 Efnistöð

Í öllu ökunámi hefur áhersla á mannlega þætti og umferðaröryggi aukist verulega undanfarna áratugi.

Með áherslu á heilsu og lífsstíl ásamt innsýn í skynjun, umferðarhegðun, samskipti við aðra og viðhorf vegfarenda er bílstjórinn hvattur til að líta í eigin barm og skoða samhengið milli manlegra þátta og umferðaröryggis. Þekking á reglum, fylgni við þær og færni í að stjórna ökutæki af öryggi er undirstaða fagmennsku bílstjóra með réttindi til að stjórna bifreið í C1-, C-, D1- og D-flokki í atvinnuskyni. Góður fagmaður er góð fyrirmynd í umferðinni og skapar sér góða ímynd, sem og fyrirtæki sínu.

## 4.2 Dæmi um valnámskeið

- Flutningur fatlaðra
- Bíltækni
- Skyndihjálp
- Akstur og þjónusta strætisvagnabílstjóra
- Dýraflutningur
- Eldsneytisflutningar
- Vinnuslys og slysavarnir í flutningum
- Þungaflutningur – sérstakur farmur.

Sérhæft valnámskeið skal vera viðurkennt af Samgöngustofu, sjá 1. kafla.





Júlí 2015

## Endurmenntun bílstjóra með réttindi til að stjórna bifreið í C1-, C-, D1-, og D-flokki í atvinnuskyni

27. febrúar s.l. tóku gildi breytingar á umferðarlögum (lög nr. 13/2015) sem m.a. fela í sér kröfu um endurmenntun ökumanna stórra ökutækja í C1-, C-, D1-, og D-flokki til farþega- og vöruflutninga í atvinnuskyni.

10. júlí tóku gildi nánari ákvæði um þetta í reglugerð nr. 628/2015 um breytingu á reglugerð nr. 830/2011 um ökuskráteini. Ennfremur var birt auglýsing (nr. 632/2015) um námskrá fyrir endurmenntun bílstjóra með réttindi til að stjórna bifreið í C1-, C-, D1-, og D-flokki í atvinnuskyni.

Námið skal fara fram hjá viðurkenndum námskeiðshaldara, þ.e. ökuskóla sem hefur starfsleyfi eða hjá öðrum aðila með sérstöku leyfi Samgöngustofu. Fjöldi kennslustunda skal vera samtals 35 stundir í 7 stunda lotum á síðustu fimm árum fyrir endurnýjun. Hverri lotu má skipta niður á tvo samliggjandi daga innan 24 klukkustunda. Viðurkenndur námskeiðshaldari getur boðið upp á fjarnám uppfylli það kröfur þessar.

Endurmenntun skiptist í þrjá hluta:

- *Kjarni*: 21 kennslustund. Vistakstur – öryggi í akstri, lög og reglur og umferðaröryggi – bíltækni. Allir verða að taka kjarna.
- *Valkjarni*: 7/14 kennslustundir. Farþega- og vöruflutningar. Bílstjóri sem er bæði með réttindi til farþega- og vöruflutninga í atvinnuskyni hefur val um hvorn hluta valkjarnans hann tekur en hann má líka taka báða. Bílstjóri sem eingöngu er með réttindi til farþegaflutninga í atvinnuskyni verður að taka farþegaflutningahlutann og bílstjóri sem eingöngu er með réttindi til vöruflutninga verður að taka vöruflutningahlutann.
- *Val*: 7/0 kennslustundir. Í vali getur bílstjóri sótt sérhæft námskeið sem varðar starf hans og fellur efnislega undir námskrá Samgöngustofu fyrir flokka aukinna ökuréttinda frá janúar 2005. Sérhæft námskeið í vali skal viðurkennt af Samgöngustofu.

Þeir sem eru með réttindi útgefin fyrir 10. september 2013 skulu hafa lokið sinni fyrstu endurmenntun fyrir 10. september 2018 og eftir það allir við endurnýjun (þ.e. á fimm ára fresti).

Hafi umsækjandi um endurnýjun ökuskráteinis ekki sótt endurmenntunarnámskeið, má endurnýja það án réttinda til aksturs í atvinnuskyni.